

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs, eftirfarandi mál er falla undir skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum:

1. Yfirferð allra minniháttar uppdráttu vegna brunahönnunar mannvirkja.
2. Yfirferð uppdráttu vegna minniháttar útlits- og innréttingabreytinga.
3. Yfirferð uppdráttu vegna minniháttar breytinga sem verða á mannvirki við framkvæmd.
4. Umsóknir vegna uppsetningar garðhúsa, sund-/setlauga, sólpalla, skjólveggja, girðinga, svalaskýla og móttökudiska.
5. Umsóknir um niðurrif húsa sé það í samræmi við deiliskipulagsákvæði.
6. Umsóknir um gerð bifreiðastæða innan lóðarmarka.
7. Umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna minniháttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.
8. Umsóknir um staðbundinn réttindi iðnmeistara, sbr. 2. mgr. 37. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
9. Lóðir og lóðarbreytingar sem eru í samræmi við aðal- og deiliskipulag.
10. Útgáfa leyfis vegna uppsetningar skilta.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Vestmannaeyjabæjar um byggingamál.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til umhverfis- og skipulagsráðs innan 14 daga frá afgreiðslu byggingarfulltrúa. Enn fremur má skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2006